

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Lautarvegur 18.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti borgarráð Reykjavíkurborgar þann 6. janúar og skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar þann 11. mars 2011 breytingu á deiliskipulagi neðan Sléttuvegar vegna lóðarinnar að Lautarvegi 18. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Grandagarður 1-35.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar þann 8. apríl 2011 breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar vegna lóða nr. 1, 1a, 1b, 3, 5, 7, 9, 11, 13, 13b, 7-11b og 13a-35 við Grandagarð. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Krosshamrar 5.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar þann 8. apríl 2011 breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna lóðarinnar að Krosshömrum 5. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar, 11. apríl 2011.

Ólöf Örvarsdóttir.